

Jökulsá eystri, VHM 144 -  
samanburðarmælingar. Mælibók 1312  
ág.sept/82

**Sigurjón Rist, Friðrik Þ. Adamsson**

**Greinargerð SR-FÞA-82/05**

JÖKULSÁ EYSTRI, vhm 144

- samanburðarmælingar -

Mælibók 1312 ág.sept.'82.

Sumarið 1982 vann Orkustofnun að virkjanarannsóknum inni á afréttarlöndum Skagfirðinga. Guttormur Sigbjarnarson stjórnaði rannsóknunum. Meðal annars voru könnuð stíflustæði og skurðaleiðir athugaðar. Vatnamælingar dýptarmældu Reyðarvatn. Það er örgrunnt. Vatnsdýpið aðeins 0,6-0,8 m og botninn samfelld sandslétta. Við lágrennsli sumarsins var mesta dýpi 0,85 m.

Dagana 31. ágúst til 3. september s.l. vann Friðrik Þór Adamsson að rennslismælingum norðan Hofsjökuls. Guttormur og Hörður Svavarsson veittu honum mikla og góða fyrirgreiðslu.

Jökulárnar voru gengnar niður að mestu. Fremur lítil úrkoma var síðari hluta ágústmánaðar. Það er engin nýlunda, þarna eru sumarþurrkar oft miklir. Rétt er að líta svo á, að úrkomumagn og rennslisástand hafi verið nálægt venjulegu miðað við árstíma. Hér var langt í frá að um sérstakt þurrkasumar væri að ræða. Mælingadagana hélst veður aðgerðarlítið, ofurlítill éljagangur var upp á hvern dag og frost um nætur. Við síritandi mælistöðvarnar í aðalánum hélst rennslið nær óbreytt, t.d. lækkaði Jökulsá eystri um tæpa 2 cm, en það jafngilti um  $1,1 \text{ m}^3/\text{s}$  rennslisrýrnun á fjögurra daga tímabilinu. Það mun hafa verið jökulvatnið, sem setti niður, en dragáahlutinn haldist nær óbreyttur, að því er best verður séð.

Rennslið dagana 31/8 - 3/9 '82 skv. síritablöðum og rennslismælingar í bók nr. 1312 (þar hitamæling og tími).

		$\text{m}^3/\text{s}$	$1/\text{s km}^2$
vhm 144	Jökulsá eystri, Skatastaðir,	$Q = 27,8$	25
" 145	" vestri, Goðdalabrá	$Q = 18,0$	22
" 77	Héraðsvötn um Grundarstokk	$Q = 49,0$	18
" 10	Svartá um Reykjafoss	$Q = 7$	18

Inni á upplöndum voru gerðar um 20 rennslismælingar, hér er þeim skipt í tvo hópa þ.e.a.s. eftir því hvort þær tilheyra eystri eða vestri Jökulsá.

Rennslismælingar á vatnasviði  
Jökulsár eystri:

Mælistaður	Vatnasvið km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	° C
Jökulsá eystri, Austurbug,brú	277	Q= 7,32	26	2,1
Geldingsá við Jökulsá	106	Q= 1,95	18	5,6
Hnjúkskvísl við Jökulsá	190	Q= 2,85	15	2,0
Strangilækur	56	Q= 2,30	41	1,8
V-Pollakvísl (vestan ár)	34	Q= 0,95	28	1,6
Pollalækur (austan ár)		Q= 0,03		
Lækur milli P og L		Q= 0,04		
Lambalækur		Q= 0,12		5,8
A-Langahryggjarkvísl		Q= 0,18		5,1
V- - " -		Q= 0,31		2,8

Rennslismælingar á vatnasviði  
Jökulsár vestari:

Mælistaður	Vatnasvið km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	° C
Hraunþúfnaá, Mið+Suð-kvísl		Q= 1,43		
- " - Ystakvísl	80	Q= 0,40	23	
Runukvísl neðan Bleikálu	80	Q= 1,05	13	0,8
Bleikálukvísl við Runu		Q= 0,0	0	
Rústakvísl við útf.Reyðarvatns	36	Q= 0,74	20	1,8
Jökulsá vestari(Austurkvísl)		Q= 4,06		3,0
Fossá (stíflustæði)		Q= 0,0		
Lambá v/Kvíslamót		Q= 0,31		4,8

Fossá reyndist þurr, eins og fram er komið. Nokkurt vatn var í ánni í júlí og fram í ágúst. Guttormur fór yfir ána um mánaðamótin og áætlaði vatnið þá dag, á bilinu 7-10 m<sup>3</sup>/s, Það var jökulvatn.

Hinn 12. ágúst s.l. var Jökulsá eystri mæld við Austurbug, þá var rennslið þar 13,4 m<sup>3</sup>/s, sjá nánar skilagrein SR/82/04 eða bækur 1311 og 1313. Hjá Stórahvammi var áin ekki mæld, Strangakvísl og Hnjúkskvísl voru mældar, svo að fara má nokkuð nærri um rennslið: 13,4+2,9+3,5+2,0+1,7 = 23,5 m<sup>3</sup>/s (áæt1).

Eftirfarandi lokaniðurstöður fást:

Dags.	277 km <sup>2</sup> Austurbugur		409 km <sup>2</sup> Millisvæði		686 km <sup>2</sup> Stórhvammur		414 km <sup>2</sup> Millisvæði		1100 km <sup>2</sup> vhm 144	
	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /s	l/s km <sup>2</sup>
12.ág. '82	13,4	48	10,1	25	23,5	34	10,9	26	34,4	31
2.sept.'82	7,3	26	8,7	21	16	23	11,8	28	27,8	25

8. nóvember 1982.

Sigurjón Rist

og

Friðrik Þ. Adamsson.

Viðbót og athugasemdir.

a) Hér að framan stendur:

Jökulsá vestari (Austurkvísl)  $Q = 4,06 \text{ m}^3/\text{s}$ , til að taka af öll tvímæli er rétt, að þarna standi einnig:

Jökulsá vestari (Vesturkvísl)  $Q = 0,0 \text{ m}^3/\text{s}$ , því að sú kvísl var algjörlega þurr við jökulgarða.

Eina vatnið úr jöklinum var í Austurkvíslinni.

b) Bleikálukvísl var þurr, eins og fram er komið. En til að forðast allan misskilning skal það tekið fram, að úr hinum mikla farvegi við Runu var ofurlítill lindaseytl.

c) Rætt var um Fossá í greininni, þar sem stendur "átlaði vatnið þá daga" er rétt að standi  $3-6 \text{ m}^3/\text{s}$ , en hin hærri tala á við einstaka hárennslistoppa.